

Rökstuðningur:

Það er öllum ljóst að sífellt hefur gengið verr að reka safnið fram Vikra, niður í byggð og í Skaftholtsréttir og eru ástæður fyrir því margar. Með kynbótum hefur sauðfé orðið stærra og þyngra og á það þar af leiðandi erfiðara með að ferðast langa vegalengd nema af þeim sé tekið. Sauðféð hefur verið latrækt og þreytt og auðsjáanlega er þetta erfitt fyrir það.

Þessi tími sem tekur að reka féð frá Búrfellstúni og fram í réttir er að sama skapi erfiður fyrir smala og fjallhesta – dagarnir í fjallferð eru langir og strangir og í lokin tekur við reksturinn á safninu sem sífellt er þyngrri umfangs og eru því menn og hestar orðnir mjög þreyttir í lokin.

Aðstæður hafa breyst frá því sem áður var, fram Vikra er kjarrgróður sífellt að aukast sem og er lúpína þar að auki að byrgja sýn og hefur sauðfé verið að þvælast inn á milli í leit að hvíld og að snapa gróður sem þá leiðir af sér að það er erfitt fyrir smala og fjallhesta að athafna sig, hrossin sjá ekki niðurfyrir sig og þónokkuð er um lausagrjót og hraungrjót sem hrossin hnjóta um og geta tjónað á sér lappirnar.

Annað og ekki síður flókið er aukinn umferðarþungi sem að líkum lætur er vegna aukinnar umsvifa í uppbyggingu Landsvirkjunar og annarra stórfyrirtækja og einnig stórauðin umferð ferðamanna. Oft á tíðum skortir alfarið skilning þessara vegfaranda á eðli og umfangi safnsins sem verið er að reka niður í réttir.

Nú er svo komið að Skaftholtsréttir þurfa þónokkuð viðhald þar sem veggir þeirra hafa sigið eða voru upprunalega ekki nægjanlega háir. Þar að auki er slíkur mannfjöldi orðinn í réttum að bændur og búalið eiga örðugt með að athafna sig. Einnig vill það bregða við að gestir í réttum séu ekki að beita góðum handbrögðum við að fanga féð og draga í dilk og getur það haft fremur slæmar afleiðingar fyrir bóndann. Mannfjöldinn er slíkur að réttarstjóri getur ekki náð til eyrna allra og viðhaft leiðbeiningu á því hvernig eigi að meðhöndla sauðféð.

Af þeim sökum er farsælla að byggja nýjar réttir á Búrfellstúni og að lögun þeirra og fyrirkomulag sé á þann hátt að dýravelferð sé höfð að leiðarljósi, m.ö.o. réttir með rekstrargangi.

Lögð er einnig fram sú tillaga að fénu yrði ekið á vögnum til sinna heimahaga og er það að öllu leyti öruggara fyrir sauðféð að vera uppi á vagni í 1 – 2 klst heldur en að vera fast að sólarhring á gangi á malbikinu og í vegkantinum í þeim umferðarþunga og aðstæðum sem eru þar núna.

Þónokkuð hefur verið rætt um málið á undanförunum árum og margar skoðandir hafa verið lagðar fram en nú er mál til komið að taka af skarið og taka ákvörðun þótt hún verði ekki nákvæmlega öllum að skapi.

Undirritaður hefur góðan skilning á því að réttir hafi haft menningarlegan tilgang og að margir kunni að hafa sterkar taugar til þessara daga. En nú er mál til komið að taka afstöðu með öryggi búfés og smala og að réttað yrði nær afréttinum.

Er það von mín að tekin verði afstaða og ákvörðun um að rétta nær afréttinum út frá sjónarmiði dýravelferðar og öryggis.

Guðmundur Árnason, Fjallkóngur Gnúpverja.